



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 51

Júní 1995

SKOÐUNARFERÐ AÐ TUNGNAÁRJÖKLI

Jöklarannsóknafélag Íslands efnir til skoðunarferðar að Tungnaárjökli dagana 24. og 25. júní 1995. Farið verður af stað kl. 8 á laugardegi frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og komið aftur kl. 19 á sunnudegi. Gist verður í Jökulheimum. Ferðar- og gistikostnaður er 3.600 kr. Nesti þurfa menn að hafa með sér svo og svefnpoka. Eldunaraðstaða er í skálunum. Munið eftir stígvélum og hlífðarfatnaði. Fararstjóri verður Helgi Björnsson formaður félagsins. Þátttaka tilkynnist í síma 569-4936 á vinnutíma síðasta lagi miðvikudaginn 21. júní 1995.

HELGARFERÐ Í JÖKULHEIMA

Tungnaárjökull hefur nú hlaupið fram um 1.100 m á 8 mánuðum frá því hann tók á rás s. l. haust og um 20 km² horfið undir jökul.

Árið 1986 kom fram að Tungnaárjökull hreyfðist helmingi hægar en þurfti til þess að bera fram mælda afkomu og því ljóst að stefndi í framhlaup. Á árinu 1992 kom síðan í ljós að á Tungnaárjökli hafði hreyfing aukist verulega frá því sem hún var árið 1986 og síðan jókst hún ár frá ári. Sumarið 1994 varð vart við miklar breytingar á sporðinum og framskrið hans hófst um mánaðarmótin okt. og nóv. Skriðhraðinn var að jafnaði um 10 m á dag undir lok síðasta árs, en var orðinn um 6 m/dag í janúar og um 5 m/dag í byrjun febrúar, en svo dró jafnt úr honum. Nokkuð var misjafnt hvenær hinir ýmsu hlutar spottðsins fóru af stað. Ofan við Langasjó er jökullinn enn kyrr en sunnan við hann hefur Skaftárjökull hins vegar ruðst fram. Athyglisvert er að Tungnaárjökull fór mun hægar fram en Síðujökull, sem náiði hámarkshraða við spord um 100 m/dag. Vatn hefur seytlað frá jöklínnum allt frá því framskrið hófst, mjög gruggugt.

Titringur á skjálftamæli í Bláfjöllum (8 km frá jöklí) s. l. tvær vikur bendir til þess að með aukinni leysingu hafi hreyfing Tungnaárjöklus hafist á ný og hann sé ekki enn dauður í öllum æðum. En hann er nú óþekkjanlegur frá því sem áður var og jöklamenn, sem hagvanir eru í þessari heimabyggð sinni, fara því með mikilli eftirvæntingu á þær slóðir um næstu helgi.

Helgi Björnsson